



Hafnarfjörður

1.fundur starfshóps um tómstundamiðstöðvar 17. apríl 2023 haldin í Lóninu Linnetsstíg 3

Mættir: Kristín María Thoroddsen, Róbert Gíslason, Sara Pálmadóttir, Óskar Steinn Ómarsson, Bjarney Jóhannesdóttir, Margrét Halldórsdóttir var erlendis en sótti fundinn í gegnum Teams.

Starfsmenn voru Geir Bjarnason sem ritaði fundargerð og Stella Kristinsdóttir

1. Formaður fór yfir fyrirhugaða fundarvinnu og fundi með hagaðilum og að mánudagar séu færri á önninni vegna frídaga. Nefndarmenn kynntu sig.
2. Formaður sýndi glærur sem byggjast á punktum Stellsu um fyrirhugaða yfirreið starfshópsins um verkefnið og tímalínu vinnunnar. Áhersla lögð á erindisbréfið og áherslur þess. Hagaðilar eru margir s.s. hópar starfsmanna, foreldrar, börn, mannauðsdeild bæjarins og ungmennaráð. Tímalína er 8 fundir fyrir 1. júlí og færast tveir dagar yfir á þriðjudag. Að hitta hagaðila er jafnvel utan fastra funda. Fyrirkomulag 7 funda lagt fram og einn til viðbótar er óráðstafaður.
3. Óska eftir því að mannauðsdeild kalli fram úr nýrri könnun samantekt um starfsmenn frístundar og félagsmiðstöðva úr þessari könnun. Geir kallar eftir því.
4. Gera könnun meðal starfsmanna eða boða til fundar með starfsmönnum til að skoða betur viðhorf þeirra til starfsins? Á næsta fundi verða drög lögð fram. Mikilvægt að hafa viðhorf starfsmanna og til er kjarni starfsmanna sem hefur áhuga. Opin rýnihópsfundur með starfsmönnum frístundar og annar með félagsmiðstöðvum fyrirhugaðir. Seinnipartsfundir milli 17.00 og 19.00 á þriðjudegi 2. maí í Hraunvallaskóla fyrir félagsmiðstöðvafólkið en frístund eftir viku þann 25. apríl í Engidalsskóla og þau fá greitt.
5. Fjallað um væntingar til starfshópsins sem eru allskonar og snúa meðal annars að því að halda í starfsmenn, efla fagstarfið og að allt óformlegt nám verði viðurkennt sem hluti af menntun barnsins. Skapa svigrúm fyrir aðra starfsmenn en þá menntuðu þannig að þeir hafi tíma til að fræðast um gildi frítímans. Væri hægt að horfa meira á hvað er að gerast í leikskólum og læra og taka það besta úr þeirri þróun. Að skapa skilning fyrir þörfina á undirbúningstíma. Hljóðvist er nefnd sem dæmi um eitthvað sem skiptir máli og vísbendingar eru um að hávaði sé of mikill og tengist vinnuaðstæðum starfsmann okkar. Skoða þarf skýrslu Stefáns og Geir kallar eftir nýjustu útgáfunni.
6. Unglingar. Að við séum ekki bara að finna hjólið og ættum að nýta okkur það sem ungmennapíng hefur verið að leggja áherslu á. Óskar skoðar gögnin og kemur þeim til



Hafnarfjörður

okkar frá UMH. Þau hafa m.a. stýrt ungmennahæpingi og þau gæti endurgert þetta með fulltrúum skólanna. Óskar fer með þetta til ráðsins og skoðar tímasetningar s.s. mánudag á næstunni í maí s.s. þann 8. miðsvæðis. Tillaga um Lækjarskóla. Við myndum búa til drög að spurningum ca. 4-6 criteirur um starfið. Geir og Stella gera drög.

7. Búa til Teamssvæði fyrir hópinn. Geir.
8. Þann 24. apríl skoðum við og undirbúum ofangreind verk.
9. Fundi slitið.

Skoða betur:

Guðbjörg Vinaskjól og Kletturinn hvernig náum við til þess hóps

Næsti fundur 24. apríl 2023.